

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Ársskýrsla ársins 2007



Mars 2008
Guðbjörg Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Starfsmenn	4
2.1	Landverðir og fastir starfsmenn	4
2.2	Sjálfbóðaliðar	5
3	Dagskrá og gestir	6
3.1	Fastar gönguferðir	6
3.1.1	Tafla 1 Fastar gönguferðir	6
3.2	Aðrar gönguferðir og fræðsludagskrá	6
3.3	Dagskrá með skólanemum	8
3.3.1	Tafla 2 Sérferðir og skólanemendur	8
3.4	Sérhópar á ferð	9
3.4.1	Tafla 3 Sérhópar sem komu í gestastofuna og þjóðgarðinn	9
4	Gestastofan	10
4.1.1	Tafla 4 Talning gesta í gestastofu þjóðgarðsins	10
5	Verkefni	11
5.1	Sjálfbóðaliðar	11
5.2	Verklegar framkvæmdir	11
5.3	Önnur verkefni	12
5.4	Viðhorfskönnun þjóðgarðsins	12
5.5	Gæðakönnun Ferðamálastofu	12
5.6	Verndaráætlun	14
5.7	Rannsóknir	14
6	Kynningar, fundir og viðburðir	15
6.1	Kynningarefni	15
6.2	Fundir, fyrirlestrar og námskeið	15
6.3	Viðburðir	16
7	Náttúra og umgengni	17
7.1	Yfirlit	17
8	Fjármál	18
8.1.1	Tafla 5 Styrkir	18
9	Lokaorð	19
10	Viðauki	20

1 Inngangur

Árið 2007 var hefðbundið ár í Þjóðgarðinum. Vorið var kalt en sumarið var bæði sólríkt og hlýtt. Margir sóttu Þjóðgarðinn heim og þátttaka í ferðum og upptákum Þjóðgarðsins var mun meiri en árinu áður. Alls tóku um ellefu hundruð manns þátt í einhverjum þeirra viðburða sem Þjóðgarðurinn sá um.

Eftir nokkurt hlé var haldið áfram við vegavinnu fyrir Jökul og bundið slitlag lagt á kaflann frá Saxhóli og að Purrkhólum. Var vegurinn þar af leiðandi erfiður yfirferðar megnið af sumrinu en bylting til hins betra þegar slitlagið var komið. Ljúka á við að leggja slitlag sumarið 2008.

Í byrjun árs tók nýr forstjóri við störfum hjá Umhverfisstofnun og fleiri breytingar urðu hjá stofnuninni eins og kemur fram í lokaorðum. Nýr umhverfisráðherra tók einnig við embætti eftir alþingiskosningar. Á vorþingi var frumvarp um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs samþykkt og verða Þjóðgarðarnir í Skaftafelli og í Jökulsárgljúfrum hluti hans.

Þau ánægjlegu tíðindi bárust að ríkisstjórnin hefði ákveðið að verja 200 milljónum króna næstu fjögur ár til byggingar Þjóðgarðsmiðstöðvar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sem rísa mun á Hellissandi. Samkeppni um hana fór fram árið 2006. Unnið var við hönnun hússins og á henni að verða lokið í nóvember á þessu ári. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra taki fyrstu skóflustungu að húsinu í haust. Áætlað er að Þjóða verkið út í vetur og gert ráð fyrir að það verði fullbúið á tíu ára afmæli Þjóðgarðsins í júní 2011.

Í ársskýrslunni er greint frá helstu verkefnum Þjóðgarðsins á árinu.

2 Starfsmenn

2.1 Landverðir og fastir starfsmenn

Sumarið 2007 var þjóðgarðinum úthlutað 50 landvarðavikum líkt og sumarið áður. Í ársskýrslunni 2006 kom fram að þjóðgarðurinn þyrfti að hafa 12-14 landvarðavikur til viðbótar, þ.e. sem svarar einum landverði. Mögulegt þyrfti að vera að hafa tvo landverði við undirbúning að vorinu og tvo í lokin. Eins og staðan er nú hefur einn landvörður verið við vinnu þau tímabil. Fimm landverðir skiptu vikunum á milli sín. Líkt og áður voru landverðirnir búsettir á Gufuskálum. Fjórir þeirra höfðu unnið áður í þjóðgarðinum en einn nýr bættist í hópinn. Þrír landverðir voru í 13-16 vikur, sá fjórði yfir háannatímamann og hinn fimmti í sérferðum. Kom þetta fyrirkomulag vel út.

Landverðir þjóðgarðsins sumarið 2007 voru:

Hákon Ásgeirsson	15. maí – 3. sept.
Linda B. Hallgrímsdóttir	25. maí – 30. ágúst
Sigurbjörg Ottesen	14. júní – 12. sept.
Þórunn Sigþórsdóttir	25. júní – 29. júlí
Sæmundur Kristjánsson	var í sérferðum sem svaraði 14 daga vinnu.

Fastir starfsmenn voru Guðbjörg Gunnarsdóttir þjóðgarðsvörður og Guðrún Lára Pálmadóttir sérfræðingur.

Í lok júní kom Þorsteinn Hymer, sérfræðingur í Jökulsárgljúfrum, í þjóðgarðinn og hélt námskeið í fyrstu hjálp fyrir starfsmenn þjóðgarðsins líkt og árið áður. Einnig komu Tómas Gunnarsson og Jón Einar Jónsson frá háskólasetrinu í Stykkishólmi og fræddu landverði um ýmislegt er lýtur að fuglum. Var farið í fuglaskoðun að Skálasnaga, inn að Rifi og að Ingjaldshóli. Var fræðslan bæði skemmtileg og gagnleg.



Landverðir læra að mæla og meta kríuegg.

2.2 Sjálfbóðaliðar

Sjálfbóðaliðar unnu við Þjóðgarðinn í tvær vikur og unnu þau gott starf frá 5. – 18. ágúst. Þau voru: Paul Ireland, Nicky Melling, Izzy Turner, Emily Day og Jo Saxton. Íslenskir sjálfbóðaliðar bættust í hópinn eina helgi og tóku þátt í vinnunni.



Sjálfbóðaliðar við vegginn myndarlega.

Sjálfbóðaliðarnir hreinsuðu og máluðu björgunarskýlið í Dritvík að innan, löguðu stíg og settu tröppur upp á Saxhól og hlóðu myndarlegan vegg ofan við Gufuskálavör en á hann er hugmyndin að setja upplýsingaskilti. Þá var áburður borinn í veg við gamla flugvöllinn á Gufuskálum en verið er að reyna að marka ákveðnar akstursleiðir og loka öðrum. Þá var Írskrabbunnur hreinsaður og fyllt í holur eftir girðingastaura umhverfis Gufuskála.



3 Dagskrá og gestir

Alls nutu um 1100 manns einhvers hluta þeirrar fræðsludagskrár sem boðið var upp á hjá Þjóðgarðinum árið 2007.

3.1 Fastar gönguferðir

Þrjár fastar göngur voru í hverri viku og fjölskyldustund einu sinni í viku. Þátttaka í föstu ferðunum var mun betri en árinu áður eða 285 á móti 108.

3.1.1 Tafla 1 Fastar gönguferðir

Laugardaga	kl. 11:00	Barna- og fjölskyldustund á Arnarstapa.
	kl. 14:00	Svalpúfa – Lóndrangar.
Sunnudagar	kl. 14:00	Búðir – gengið að Frambúðum.
Miðvikudagar	kl. 14:00	Djúpalónssandur og nágrenni.

Fastar gönguferðir	Fjöldi '07	Útlend.	Fjöldi '06
Barna- og fjölskyldustund, laugardaga	136		24
Svalpúfa – Lóndrangar, laugardaga	88		45
Búðir, sunnudaga	22	6	20
Djúpalónssandur, miðvikudaga	39	1	16
Samtals	285	7	108

3.2 Aðrar gönguferðir og fræðsludagskrá

Þátttaka í sérferðunum og uppákomum var mun betri en árinu áður eða 353 á móti 129. Auk þess komu um 360 nemendur í dagskrá sem var ætluð þeim sérstaklega. Alls eru þetta rúmlega 700 manns.

Eins og undanfarin ár var hátíðin Vor undir Jökli haldin í Snæfellsbæ og tók þjóðgarðurinn þátt í henni. Hann efndi til sandkastalakeppni í Skarðsvík sem tókst mjög vel. Mátti vart á milli sjá hvort foreldrar eða börn hefðu meira gaman af því að reisa glæsilegar byggingar úr sandinum. Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir bestu byggingarnar. Einnig var vitinn á Malarrífi opin og stóðu starfsmenn vaktina þar.



Strandganga.




Beðið eftir rebba.

Helgigöngur undir Jökli voru gengnar í annað sinn í samstarfi við Ingjaldshólskirkju og var sama fyrirkomulag og árinu áður. Farið var 6. og 7. júlí og var þátttaka afar lítil. Ákveðið er að halda göngunum áfram en hafa þær um Jónsmessu. Einnig þarf að auglýsa þær vel og helst í samstarfi við ferðafélög.

Þemaferðir sumarsins voru strandgöngur og voru farnar þrjár göngur með strönd þjóðgarðsins að þessu sinni. Ætlunin er að ljúka göngu með ströndinni sumarið 2008 og eftir það verður boðið upp á eina til tvær strandgöngur á hverju sumri. Þannig getur almenningur gengið hluta af ströndinni á hverju sumri þar til öll strandlengjan hefur verið þrædd. Að þessu sinni var gengið á milli Krossavíkur og Þórðarkletts, Hólahóla og Djúpalónssands og frá Skálasnaga að Beruvík. Erla Björk hjá rannsóknarsetrinu Vör í Ólafsvík lagði þjóðgarðinum lið og fræddi gesti um undur smádyra og plantna sem finnast í fjörunni.



Jónsmessunæturanga á Snæfellsjökul.



Þjóðgarðurinn bauð í fyrsta skipti upp á skipulagða göngu á Snæfellsjökul og var farið á Jónsmessunótt. Fararstjóri var Snævarr Guðmundsson. Þátttaka var geysigóð en rúmlega sextíu manns gengu á toppinn í einstöku veðri og skartaði Jökullinn og Breiðafjörður sínu fegursta. Ætlunin er að gera næturgöngu á Jökulinn að föstum lið í dagskrá þjóðgarðsins og ganga um sólstöður.

Á alþjóðaráðstefnu landvarða sem var haldin í Skotlandi árið 2006 var ákveðið að 31. júlí ár hvert yrði alþjóðadagur landvarða. Fyrsti alþjóðadagurinn var haldinn sumarið 2007 á 15 ára afmæli alþjóðafélagsins The International Ranger Federation sem Landvarðafélag Íslands er aðili að. Landverðir þjóðgarðsins buðu upp á kvöldgöngu á milli Arnarstapa og Hellna og tókst hún mjög vel.

Dag villtra blóma bar upp á þjóðhátíðardaginn að þessu sinni. Þann dag auglýsti þjóðgarðurinn keppni í plöntugreiningu. Enginn mætti og má líklega rekja það til þjóðhátíðardagsins.

Hefð er komin á að fara að refagreni þegar vitað er að yrðlingar eru farnir að voga sér út. Ein slík ferð var farin í ár og tókst hún vel þrátt fyrir að enginn refur léti sjá sig.

3.3 Dagskrá með skólanemum

Þjóðgarðurinn og grunnskóli Snæfellsbæjar fengu styrk úr menningarsjóði Sparisjóðs Ólafsvíkur til að bjóða upp á stjörnuskoðun og fræðslu um stjörnur í svokölluðu stjörnuveri. Öllum nemendum skólans gafst tækifæri til að fræðast um stjörnur og höfðu þau gaman af. Eldra fólki var síðan boðið um kvöldið og komu þá sumir krakkarnir aftur.

Í lok maí fræddu landverðir þjóðgarðsins yngri nemendur skólans um lífið í fjörinni og farið var í leiki.

Þjóðgarðurinn fékk 8. bekk grunnskólans ásamt umsjónarkennara til liðs við sig við að stika gömlu leiðina um Efstaveg frá Beruvíkurlæk og suður undir afleggjarann við Djúpalónssand. Sæmundur Kristjánsson stýrði verkinu og vannst það vel enda krakkarnir hörkuduglegir og skiluðu verkinu með sóma.



Þau vita ýmislegt um stjörnur nú.



“Stikarar” hvíla lúin bein.

Alls komu um 100 börn í fræðslu í Krossavík á vordögum, um 230 nemendur grunnskólans komu í stjörnuskoðun og auk þess fullorðið fólk og 15 stikuðu gönguleið fyrir Jökul. Alls voru það því um 360 nemendur skólans og aðrir sem nutu sérstakrar dagskrár sem þjóðgarðurinn bauð uppá.

3.3.1 Tafla 2 Sérferðir og skólanemendur

Sérferðir og skólanemendur	Dags.	Vikud.	Kl.	Fjöldi	Þar af
Sandkastalakeppni	26.maí	Laugard.	11	26	8 fullo.
Malarrífsviti opinn	26.-28. maí	Laug.-mán.		156	
Hreggnasi - HSH	7. júní		20	15	
Refaferð	16. júní	Laugard.	14.	20	2 útl.
Plöntugreiningarkeppni	17. júní	Sunnud.	16	0	
Ganga á Snæfellsjökul	23. júní	Laugard.	21	62	20 útl.
Helgiganga	6. júlí	Föstud.	19:30	2	1 landv.
Helgiganga	7. júlí	Laugard.	16	2	1 landv.
Krossavík-Þórðarklettur	12. júlí	Fimmtud.	19	28	3 útl.
Hólahólar-Djúpalónssandur	26. júlí	Fimmtud.	19	15	5 landv.
Arnarstapi-Hellnar	31. júlí	Þriðjud.	20	11	8 útl.
Skálasnagi-Beruvík	18. ágúst	Laugard.	11	16	4 útl.
Samtals í sérferðir				353	
Dagskrá fyrir skólanemendur				360	
Samtals				713	

3.4 Sérhópar á ferð

Sem fyrr var nokkuð um að sérhópar og einstaklingar bæðu um móttöku og leiðsögn um gestastofuna og í nokkrum tilvikum um þjóðgarðinn. Oft eru þessar heimsóknir utan hefðbundindins opnunartíma gestastofu eða um helgar. Alls komu 18 slíkir hópar árið 2007, alls 389 manns. Átta hópanna fengu leiðsögn um þjóðgarðinn. Þjóðgarðsvörður (GG) og sérfræðingur (GLP) taka venjulega á móti hópunum en einnig hefur Sæmundur Kristjánsson landvörður gert það. Í stöku tilfellum, þegar starfsmenn þjóðgarðsins eru allir vant við látnir, fara aðrir með hópa í gestastofuna.

3.4.1 Tafla 3 Sérhópar sem komu í gestastofuna og þjóðgarðinn

Dags	Hópur	Ferð	Fjöldi	Umsjón
14. mars	Hvanneyri, nemendur		14	NN
29. mars	Fjölbrautaskóli Snæfellinga		9	NN
8. maí	Færeyingar v/þjóðgarðahugmynda	x	3	GG
15. maí	Perluferð ASG	x	8	GG
16. maí	Leiðsöguskólinn	x	38	GLP
19. maí	Icebank		6	GG
	Lionsfélagar	x	83	SK
5. júní	Afhending úr styrktarsjóði		13	GLP
26. júní	Hvanneyringar útskrifaðir 1950		31	GG
29. júní	Nýr forstjóri	x	3	GG
27. ágúst	Forsætisnefnd Alþingis		17	GG
28. ágúst	Menntamálaráðuneyti, norr. nefnd	x	6	GG
29. ágúst	Myndlistarskólinn í Reykjavík	x	15	Landv.
30. ágúst	Ármúlaskólinn		24	GLP
1. sept.	Oddfellowar		44	GLP
19. sept.	Eldri félagar Flugleiða		35	GG
22. sept.	Sýslumenn og makar	x	30	SK
13. nóv.	Hvanneyri, nemendur		10	SK
	Samtals		389	



Forsætisnefnd Alþingis á ferð.

4 Gestastofan

Gestastofan var opin frá kl. 10 - 18, frá 20. maí – 10. sept. Alls voru taldir rúmlega 6300 gestir. Árið 2006 voru þeir 5440, árið 2005 um 5 þúsund og árið 2004 um 4 þúsund. Gestum fer því heldur fjölgandi.

4.1.1 Tafla 4 Talning gesta í gestastofu Þjóðgarðsins

	Fjöldi	Meðaltal á dag
Maí og fyrr	493	27
Júní	1097	37
Júlí	2497	81
Ágúst	1899	61
September og síðar	347	29
Samtals	6333	47

Húsnæði gestastofunnar er óviðunandi. Rafmagn er ófrágengið og húsnæðismálin enn í klemmu þar sem eigendur og verktakar hafa ekki gert upp sín mál. Þess vegna hefur ekki verið hægt að ganga frá lýsingu í sal gestastofunnar eins og þarf að gera. Ýmislegt annað þarf að laga sbr. ársskýrslu síðasta árs en ekkert hefur verið gert í húsinu síðan þá.



5 Verkefni

5.1 Sjálfbóðaliðar

Eins og fyrr segir voru erlendir sjálfbóðaliðar BTCV að störfum í þjóðgarðinum og einnig Íslendingar á vegum Sjálfbóðaliðasamtaka Íslands um náttúruvernd.

5.2 Verklegar framkvæmdir

- Landverðir unnu hefðbundin verk s.s. að endurnýja stikur, mála það sem þurfti og skera lúpínu.
- Eftirtaldar nýjar leiðir voru stikaðar: hringur um bæina í Beruvík, Efstivegur frá Beruvíkurlæk að Útnesvegi á móts við veg niður á Djúpalónssand, hringleið niður á Eyrar, hringleið á Búðum,
- Valdir stígar við Frambúðir merktir, voru orðnir margir.
- Lokið var við að girða kringum Búðafriðland.
- Áburði var dreift í gamlan veg á flugvellinginum við Gufuskála. Einnig var áburði dreift á göngustíga.
- Kringum bæjarstæði Gufuskála voru holur eftir girðingastaura fylltar.
- Veggur sem ætlaður er sem undirstaða undir skilti var hlaðinn ofan Gufuskálavara.
- Mokað var upp úr Írskarabrunni.
- Sérhönnuð járnþrep voru smíðuð og sett í stíginn upp Saxhól. Er ætlunin að nota slík þrep víðar í þjóðgarðinum.
- Eins og áður fór talsverður tími landvarða í að halda salernunum á Djúpalónssandi gangandi.
- Nýtt fræðsluskilti var sett við steintökin á Djúpalónssandi.
- Áningaborð voru sett á fimm stöðum, við Gufuskálavör, í Skarðsvík, hjá bílastæði við Nýjubúð, við Klofningsrétt og í Eysteinsdal við gönguleið á Hreggnasa,
- Vegi í átt að Nýjubúð var breytt, hann lagfærður og gert bílastæði.
- Bílastæði við Skarðsvík og Öndverðarnes voru löguð.
- Vegur út að Skálasnagavita var lengdur og lagaður og sá Björgunarsveitin Lífsbjörg um það verk.
- Björgunarskýlið í Dritvík var þrifið og málað að innan.



Tröppur á Saxhóli.



Gufuskálavör hreinsuð.

5.3 Önnur verkefni

- Vegagerð fyrir Jökul fór aftur af stað vorið 2007. Var byrjað frá Saxhóli og vegurinn byggður upp og lagður bundnu slitlagi allt að Purkhólum. Ljúka á vegagerðinni haustið 2008. Í tengslum við vegagerðina var ákveðið, í samráði við Fornleifavernd ríkisins, að fjarlægja gamla vörðu sem var í vegstæðinu. Var hún tekin niður stein fyrir stein, allt merkt, flutt á Malarrif þar sem steinarnir eru geymdir. Inni í vörðunni fannst gamalt hreiður. Hugmyndin er að endurreisa vörðuna við nýju þjóðgarðsmiðstöðina þegar hún verður byggð.
- Byrjað var reglubundið að vakta göngustíga og voru myndir teknar af völdum stígum. Verkefnið verður árlegt og er tilgangurinn að fylgjast með breytingum á gróðri eftir því hvernig álag á stígana eykst, grípa til viðeigandi ráðstafana og koma þannig í veg fyrir gróðureyðingu.
- Þjóðgarðurinn gerðist aðili að samtökum fyrirtækja í ferðaþjónustu á Vesturlandi sem kallast *Upplifðu allt* eða *All Senses*. Samtökin eru afar virk, gefa út kynningarbækling og unnu að kynningarmynd ásamt því að standa sameiginlega að viðburðum, fræðslufundum, kynningum á Vesturlandi o.fl.
- Samskonar samtök og *Upplifðu allt* voru stofnuð síðla ársins og kallast þau *Breiðafjarðarfléttan*. Þar er um að ræða fyrirtæki í ferðaþjónustu kringum Breiðafjörð. Þjóðgarðurinn er einnig aðili að þeim samtökum. Bæði *Upplifðu allt* og *Breiðafjarðarfléttan* byggja á hugmyndafræði um klasasamstarf (cluster á ensku) þar sem fyrirtæki sem eru í samkeppni vinna að sameiginlegum málum og saman að því að kynna sig og svæðið sem þau starfa á.
- Þjóðgarðurinn fékk styrk frá menningarsjóði Vesturlands upp á 500 þúsund krónur til þess að láta gera hringsjá sem sett verður á Saxhól. Heildarkostnaður við verkið er rúm ein milljón króna. Samningur var gerður við Jakob Hálfdanarson um að vinna verkið en áætlað er að því verði lokið haustið 2009.

5.4 Viðhorfskönnun þjóðgarðsins

Stutt könnun var gerð á meðal gesta þjóðgarðsins en ætlunin er að gera viðameiri könnun um upplifun og viðhorf gesta til svæðisins. Spurningalistum var dreift á gestastofunni og á Djúpalónssndi. Að þessu sinni var úrtakið lítið eða 20 Íslendingar og 14 útlendingar. Sjá fylgiskjal 1.

5.5 Gæðakönnun Ferðamálastofu

Ferðamálastofa lét gera gæðakönnun á netinu í september-desember 2007. Netföngum hafði verið safnað á Keflavíkurflugvelli í nokkra daga í lok júlí, byrjun september, um mánaðamót september og október og seinni hluta októbermánaðar. Alls svöruðu 1514 einstaklingar. Í könnuninni var m.a. spurt hvort viðkomandi hefði heimsótt Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Niðurstöður spurningarinnar voru þessar helstar:

- Um 20% aðspurðra höfðu komið í þjóðgarðinn.
- 26% voru 55 ára eða eldri, 24% voru 24 ára og yngri, 22% 25-34 ára, 18% 35-44 ára og 17% voru 45-54 ára.
- Skipting eftir störfum var:

31% ellilífeyrisþ./heimav.	26%	sérhæft starfsf./tæknar
24% skrifst. og þjónustust.	22%	sérfræðistörf
18% nemendur	15%	stjórnunarstörf
13% annað		
- Heimilistekjur reyndust dreifast jafnt þannig að um 20% fólksins var í hverjum tekjuhópi fyrir sig þ.e. undir meðallagi 18%, í meðallagi 21%, yfir meðallagi 21% og háar 19%.
- Þjóðernið skiptist þannig:

þýskt 36%	franskt 31%	hollenskt 21%
danskt 21%	breskt 19%	bandarískt 14%
norskt 12%	sænskt 9%	annað 26%
- Flestir sem höfðu komið í þjóðgarðinn dvöldu á landinu í nokkra daga. Þannig komu í þjóðgarðinn einungis 11% þeirra sem dvöldu 4 nætur eða skemur en 46% þeirra sem dvöldu í 11-14 nætur. 42 % þeirra sem dvöldu í 15 nætur eða fleiri komu í þjóðgarðinn, 27 % þeirra sem voru í 8-10 nætur og 17 % þeirra sem voru í 5-7 nætur.
- 22% þeirra sem svöruðu höfðu verið á eigin vegum, 20% í pakkaferð og 15% í samblandi.
- Tilgangur ferðarinnar var:

30% frí og heimsókn	26% frí	15% heimsókn
10% nám	9% viðskipti	3% ráðstefna/fundur
13% annað/fleiri en ein ástæða		
- Einungis 20% þeirra sem komu á þessum tíma í þjóðgarðinn höfðu ekki komið áður til Íslands. 31% höfðu komið fjórum sinnum eða oftar, 20% höfðu komið 2-3 sinnum og 21% einu sinni.
- Af hópnum komu 29% í ágúst, 23% í september, 16% í október og 9% í nóvember.

Það er forvitnilegt að skoða þessar niðurstöður. Í fyrsta lagi komu 20% þeirra sem svöruðu í þjóðgarðinn. Sá tími sem könnunin var gerð er ekki aðal ferðamannatíminn í þjóðgarðinum en ljóst að í október er enn talsverð umferð um hann. Árið 2006 komu um 422 þúsund ferðamenn til landsins og fjölgaði þeim á síðasta ári. Ef gert er ráð fyrir 470 þúsund ferðamönnum það ár og að 20% þeirra hafi komið í þjóðgarðinn eru það 94 þúsund manns. Gera má þó ráð fyrir að lægra hlutfall komi hingað um háveturinn en hærra hlutfall á hinn bóginn um hásumarið og að vorinu.

Elsti og yngsti aldurshópurinn virðist sækja mest á svæðið en t.d. ekki fjölskyldufólk og er þetta í samræmi við tilfinningu starfsmanna. Þá hafa margir gestanna oft komið til landsins og dvelja hér nokkuð lengi. Stuttar helgarferðir erlendis frá til Reykjavíkur skila sér ekki hingað. Tekjudreifing þeirra sem koma er nokkuð jöfn.

Í könnuninni kom fram að í heildina höfðu 65,9% svarenda aflað sér upplýsinga í ferðabæklingum og upplýsingaritum í tengslum við ferðalagið og 59,4% á Internetinu.

5.6 Verndaráætlun

Verndaráætlun þjóðgarðsins var send út til umsagnar í byrjun apríl en ætlunin var að þáverandi umhverfisráðherra myndi staðfesta hana fyrir alþingiskosningar. Skipulagsstofnun taldi ekki ljóst hvort lög um umhverfismat áætlana giltu um verndaráætlanir. Taldi hún að úr því þyrfti að fá skorið áður en lengra væri haldið og tók málið til athugunar. Tafðist vinnan vegna þessa en þegar þetta er skrifað er verndaráætlunin aftur komin á lokastig.

5.7 Rannsóknir

- Aðkallandi er að gerðar verði rannsóknir á strönd þjóðgarðsins og lífríki hennar. Í gegnum tíðina hafa aðeins tvær rannsóknir verið gerðar og báðar á Öndverðarnesi. Hafró hefur sýnt málinu mikinn áhuga og sl. sumar komu tveir vísindamenn þaðan í tveggja daga leiðangur í þjóðgarðinn. Það voru þau Karl Gunnarsson og Svanhildur Egilsdóttir og nutu þau aðstoðar landvarða. Aðstöðu fengu þau í húsnæði Hafró í Ólafsvík en þjóðgarðurinn sá um gistingu. Tóku þau sýni á Öndverðarnesi og Malarrífi, skiluðu skýrslu í lok ársins og síðan fékk þjóðgarðurinn til varðveislu eintak af öllum plöntum sem fundust. Nauðsynlegt er að rannsókninni verði haldið áfram. Um grunnrannsókn á mikilvægum þætti í náttúru þjóðgarðsins er að ræða. Auk þess á sýning í væntanlegri þjóðgarðsmiðstöð að beina augum að hafinu og fjörunni. Til þess að hún standi undir nafni þurfa að vera til vísindaleg gögn sem hægt er að byggja á. Er vonandi að fjármagn fái til að hægt sé að halda rannsóknunum áfram.
- Í byrjun ágúst komu tveir jarðvísindamenn til skrafs og ráðagerða við þjóðgarðinn. Þar voru á ferð Kate Smith og Freysteinn Sigurðsson frá Jarðvísindastofnun Háskólans. Kate er að vinna að verkefni um áhættumat vegna hugsanlegra eldsumbrota í Snæfellsjökli. Fékk hún styrk frá Vegagerðinni fyrir hluta verkefnisins en leitar styrkja til að geta haldið vinnunni áfram. Um brýnt verkefni er að ræða en eldstöðin Snæfellsjökull og aðrar eldstöðvar á Snæfellsnesi hafa lítið verið rannsakaðar hingað til. Verkefnið snýr bæði að því að safna saman á einn stað öllum heimildum og rannsóknum sem til eru um Snæfellsjökul, skoða eldstöðina vísindalega og áætla hvert aska, vikur og hraun myndi fara ef eldgos brýst út. Í framhaldi af því er gerð áætlun um flóttaleiðir af svæðinu. Verkefnið varðar ekki eingöngu íbúa Snæfellsness heldur landsmenn alla.



Vísindamenn og landverðir í fjörunnarsóknum við Malarrif.

6 Kynningar, fundir og viðburðir

6.1 Kynningarefni

- Eins og áður var sumardagskrá þjóðgarðsins prentuð í einföldu broti og dreift víða. Sumardagskráin var einnig hengd upp víða á Snæfellsnesi þar sem heimamenn og ferðafólk kemur. Einnig var hún birt í bæjarblöðum á Snæfellsnesi, á atburðadagatali Vesturlands og á heimasíðu Snæfellsbæjar. Í fyrsta sinn var dagskráin þýdd á ensku og send helstu ferðapjónustuaðilum.
- Fréttir og fréttatilkynningar voru sendar af og til í bæjar- og landshlutablöðin. Bæði voru það tilkynningar eða fréttir um atburði sem átt höfðu sér stað eða það sem var á döfinni. Fréttir birtust um: sandkastalakeppni, stjörnuverið, plöntugreiningarkeppni, ferð að greni, ljósmyndasýningu á Djúpalónssandi, stikun gönguleiðar með skóla, starf landvarða og alþjóðadag þeirra, strandgöngurnar þrjár, Jónsmessunætur göngu á Snæfellsjökul og ljósmyndasýningu í Malarrifsvita.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness ákvað að gefa aftur út bækling um svæðið og var honum lítillega breytt en bæklingurinn reyndist mjög vinsæll.
- Samstarfshópurinn *Upplifðu allt – All senses* gaf út bækling um fyrirtækin sem að honum standa. Í bæklingnum eru einnig ábendingar um ýmislegt sem sjá má á Vesturlandi. Hópurinn vann að gerð kynningarmyndar um Vesturland og verður hún tilbúin vorið 2008.

6.2 Fundir, fyrirlestrar og námskeið

- Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins hélt tvo fundi á árinu, þann 15. mars á Hellissandi og 18. apríl í Reykjavík. Í nefndinni voru þá Ólína B. Kristinsdóttir fyrir Snæfellsbæ, Skúli Alexandersson fyrir Ferðamálasamtök Snæfellsness, Kristín Huld Sigurðardóttir fyrir Fornleifavernd ríkisins og Árni Bragason fyrir Umhverfisstofnun og var hann jafnframt formaður. Á fundinn mættu fulltrúar Snæfellsbæjar til að ræða vegagerð við Jökulinn og hugmyndir um skíðasvæði.
- Náttúruverndarsvið hélt tvo fundi á árinu. Sá fyrri var í Reykjavík í lok febrúar og sá síðari seinni part nóvember og var hann haldinn í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.
- Ársfundur Umhverfisstofnunar var haldinn seinni hluta mars og árshátíð starfsmanna í kjölfarið.
- Í Skaftafelli var haldið upp á 40 ára afmæli þjóðgarðsins þann 15. september og fór þjóðgarðsvörður þangað.
- Í byrjun október voru töðugjöld náttúruverndarsviðs haldin í Reykjavík.
- Umhverfisþing var haldið um miðjan október í Reykjavík og sóttu starfsmenn það.
- Fimm fundir *Upplifðu allt* voru sóttir og undirbúningsfundur að Breiðafjarðarfléttunni.
- Starfsmenn sóttu fundi vegna vinnu við framtíðarsýn UST.

- Þjóðgarðsvörður hélt árlega kynningu hjá Leiðsöguskólanum í byrjun febrúar.
- Í byrjun nóvember var boðað til stofnfundar samtaka náttúru- og útiskóla, SNÚ, í Reykjavík. Þjóðgarðsvörður sagði þar frá fræðsludagskrá þjóðgarðsins.
- Sérfræðingur fór seinni hluta september á Evrópuráðstefnu alþóðasamtaka landvarða sem haldinn var í Rúmeníu. Eftir heimkomu hélt hún fyrirlestur fyrir starfsmenn UST um fundinn og þjóðgarða í Rúmeníu.
- Þjóðgarðsvörður sótti námskeið um samskipti á vinnustað.

6.3 Viðburðir

Tvær listsýningar voru haldnar innan þjóðgarðsins sumarið 2007.

- Á Djúpalónssandi sýndi Gunnar Ólafur Sigmarsson ljósmyndir. Myndirnar voru prentaðar á álplötur og festar á klettaveggi. Þessi háttur féll gestum þjóðgarðsins misvel í geð, myndirnar þóttu fallegar en margir höfðu orð á að myndirnar ættu alls ekki heima á þessum stað.
- Í Malarrifsvita héldu Hollvinasamtök Þórðar frá Dagverðará sýningu á ljósmyndum af Þórði og tilvitnunum í hann. Einnig voru önnur myndverk á sýningunni. Tókst sýningin afar vel og þótti mörgum gaman að koma í vitann.

HSH valdi Hreggnasa sem eitt af fjöllum fjölskyldunnar sumarið 2007. Er þetta samstarfsverkefni UMFÍ "Fjölskyldan á fjallið". Gengu 15 manns á fjallið þann 7. júní og komu gestabók fyrir.



Ljósmyndir voru festar á klettaveggi á Djúpalónssandi.

7 Náttúra og umgengni

7.1 Yfirlit

Vorið 2007 var fremur kalt og voraði seint. Þann 21. maí var jörð alhvít. Upp úr því tók að hlýna og var sumarið afar gott með mörgum, hlýjum sólardögum. Verður spennandi að sjá hvernig gróðurinn tekur við sér sumarið 2008. Lítil rigning var þar til seinni hluta júlímánaðar þegar gerði nokkra rok- og rigningadaga. Það haustaði hins vegar snemma og féll fyrsti snjór á jökulinn 2. september. Frá því í lok ágúst og út haustið má segja að veðrið hafi verið með eindæmum leiðinlegt, rok, rigning og kuldi.

Berjaspretta var afar góð.

Í lok maí fundu landverðir hrafnslaup með 6 eggjum í Gerðuberginu ofan Gufuskála. Þrír ungar sáust síðar í hreiðrinu en tveir lifðu af. Varp fór frekar seint af stað hjá kríunni og örðum fuglum. Hins vegar gekk það vel og var mikið líf í kríuvarpinu við Rif. Enn sem fyrr aka menn á miklum hraða og af tillitsleysi eftir veginum í gegnum kríuvarpið þann stutta tíma sem ungarnir eru á veginum, áður en flugtökin verða þeim auðveld.



Vígalegir hrafnungar.

8 Fjármál

Árið 2007 áttu 15 milljónir króna að fara í hönnunarkostnað vegna þjóðgarðsmiðstöðvar. Sjö milljónir áttu að koma frá UST og átta milljónir frá umhverfisráðuneytinu. Dróst vinna við hönnunina fram á haustið. Þá var haldið áfram og unnið fyrir sjö milljónirnar sem komu frá UST en frá ráðuneytinu hafa peningar ekki borist þegar þetta er ritað.

Þorskaflí á landinu var skorinn niður á árinu og boðaði ríkisstjórnin mótvægisáðgerðir til þeirra byggðalaga sem niðurskurðurinn bitnaði einkum á. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar sendi stjórnvöldum hugmyndir að ýmsum verkefnum og var eitt af því sem lagt var til bygging miðstöðvar fyrir þjóðgarðinn. Fjármagn fékkst í verkið og munu 50 milljónir króna renna til þess næstu fjögur árin. Áætlað er að verkið verði boðið út í ár, fyrsta skóflustungan verði tekin haustið 2008, grafið verði fyrir húsum, sökklar og botnplata steyppt. Húsið verði tilbúið til notkunar á tíu ára afmæli þjóðgarðsins árið 2011.

Þjóðgarðurinn fékk þrjá af þeim styrkjum sem sótt var um sbr. töflu hér að neðan.

8.1.1 Tafla 5 Styrkir

Sjóðir sem sótt var um í og verkefni	Sótt um	Fékkst
Menningarráð Vesturlands		
- Hringsjá á Saxhól	1.300.000	500.000
- Þrjú fræðsluskilti	1.250.000	0
- Þýðing á viðtölum	275.000	0
Vegagerðin		
- Bundið slitlag við Gufuskála	1.200.000	800.000
- Almennt til vegagerðar	Óákveðið	0
Menningarsjóður Sparisjóðs Ólafsvíkur		
- Stjórnuver, samstarf við grunnskólann	170.000	170.000
- Hringsjá á Saxhól	700.000	0
Pokasjóður		
- Göngustígur á Arnarstapa	2.500.000	0
- Hringsjá á Saxhól	700.000	0
Landsbankinn		
- Hringsjá á Saxhól	700.000	0
- Skilti með blindralettri	500.000	0
Ferðamálastofa		
- Göngustígur á Arnarstapa, samstarf við Framfarafélagið, sunnandeild	3.800.000	0
Fornleifasjóður		
- Uppmæling og skráning fornra mannvirkja á Gufuskálum. Fornleifastofnun Íslands sótti um	1.979.000	0

9 Lokaorð

Í ársskýrslunni hefur verið greint frá helstu atburðum og verkefnum þjóðgarðsins. Unnið var að ýmsu öðru sem ekki er tínt til í skýrslunni. Framundan eru mörg og spennandi verkefni eins og áður en líka ljóst að barátta fyrir fjármunum heldur áfram. Stærsta einstaka verkefnið er áframhald á hönnun þjóðgarðsmiðstöðvar og síðan bygging hennar.

Miklar breytingar urðu á meðal starfsmanna Umhverfisstofnunar á árinu. Davíð Egilson forstjóri lét af störfum og við tók Ellý Katrín Guðmundsdóttir. Hún lét síðan af störfum í febrúar 2008. Þá hætti Árni Bragason forstöðumaður náttúruverndarsviðs á fyrri hluta ársins og við tók Hjalti Guðmundsson. Um mitt ár lét Þórey I. Guðmundsdóttir af störfum sem fjármálastjóri og við því starfi tók Atli Þór Þorvaldsson. Nýtt skipurit stofnunarinnar var kynnt síðla árs. Með því sameinuðust náttúruverndarsvið og veiðistjórnunarsvið í náttúruauðlindasvið. Matvælasviðið var skilið frá UST og fært til Landbúnaðarstofnunar. Þá var frumvarp um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs samþykkt og er hann sérstök stofnun. Þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum flytjast yfir til hans. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er því nú eini þjóðgarðurinn sem heyrir undir Umhverfisstofnun.

Pólitískt umhverfi þjóðgarðsins breyttist enn frekar þar sem alþingiskosningar fóru fram vorið 2007 og tók Þórunn Sveinbjarnardóttir við starfi umhverfisráðherra. Væntir þjóðgarðurinn góðs samstarfs við hana.

Snæfellsbæ í mars 2008.

Guðbjörg Gunnarsdóttir
þjóðgarðsvörður

10 Viðauki

Viðhorfskönnun sumarið 2007

1) Hvaðan ertu?

Þeir sem tóku þátt í könnuninni voru 20 Íslendingar og 14 útlendingar. Af þeim voru fjórir frá Sviss og Englandi, tveir frá Þýskalandi og Hollandi og einn frá Danmörku og Ítalíu.

2) Hefur þú komið áður í þjóðgarðinn Snæfellsjökul?

	Íslendingar	Útlendingar
Nei	7	13
Já	13	1
- hve oft	alls 42 sinnum	tvisvar
- annað	1 veit ekki. 3 áður en þjóðgarður var stofnaður.	

3) Hefur þú áhuga á að koma aftur?

	Íslendingar	Útlendingar
Nei		
Já	19	13
Annað	1 veit ekki.	Interested yes, but not likely. Don't know, first time here.

4) Hvar fékkstu upplýsingar um þjóðgarðinn Snæfellsjökul?

	Íslendingar	Útlendingar
í bæklingi	2	5
frásögn	13	2
frá ferðapjónustuaðilum	1	3
á internetinu	1	2
aðrir miðlar	1	2
annað, athugasemd	Alltaf vitað af honum. Vissi ekki af þjóðgarðinum. Fjölskyldan. Hef lesið mér til. Landafræði í skólanum.	5 ferðabækur.

5) Hvernig ferðast þú?

	Íslendingar	Útlendingar
á eigin bíl	20	5
á bílaleigubíl		8
í hópferðabíl		1
gangandi	1	
ríðandi		
hjólandi		
annað		

6) Hvað er eftirminnilegast?

	Íslendingar	Útlendingar
Þúfubjarg/Svalþúfa	1	1
Malarrif	1	
Djúpalónssandur	11	5
Öndverðarnes	3	1
Eysteinsdalur		
Snæfellsjökull	8	6
Annað	Ekki búinn að sjá allt. Allir staðir fallegir, Dritvíkin samt fallegust. Allt svæðið. Veit ekki, eftir veðri. Á eftir að skoða þessa staði.	Not sure.

7) Hefur þú nýtt þér þjónustu landvarða?

	Íslendingar	Útlendingar
nei	10	3
farið í gönguferðir	2	2
upplýsingar	4	10
annað	Vel tekið á móti okkur.	

8) Hvernig finnst þér þjónustan í þjóðgarðinum Snæfellsjökli?

	Íslendingar	Útlendingar
mjög góð	9	4
góð	5	7
veit ekki	3	2
ekki góð		
slæm		

9) Hvernig finnst þér þjónustan í nágrenni þjóðgarðsins?

	Íslendingar	Útlendingar
mjög góð	9	2
góð	8	7
veit ekki	1	4
ekki góð		
slæm		

10) Ert þú með einhverjar ábendingar um það sem betur má fara í þjóðgarðinum Snæfellsjökli?

- "Kæla jökulinn"
- Leggja vegi nær því sem hægt er að skoða, spara skóna.
- Nei, hann er fínn eins og hann er. Takk fyrir að hafa sjoppur í fjörunni til að svala þorstanum úff :)
- Merkingar og gönguslóðar til fyrirmyndar
- Vantar heimasíðu
- Má gera tjaldsvæði í nágrenni þjóðgarðsins betri til að geta nýtt sér betur þjóðgarðinn og dvalið lengur.

- Wild nature is the must as it is today
- Nothing! If it stays wild, the nature is more beautiful. If you improve the facilities the mass tourism will come and nature will be dirty...
- More benches to sit and eat
- It's ok like it is! Don't disturb nature, it attracts to many tourists!
- Open visitor centre earlier in the day